Nr. 57
10.
nóvbr.

# Lög

um

## skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjerhver sá, er hefur eignarrjett eða önnur rjettindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af rjettindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

Endurgjaldið greiðist úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverjar eignir eða rjettindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skal þá leggja ágreininginn undir úrskurð 5 manna; af þeim nefna málsaðilar til sína 2 menn hvor, en stjórnarráð Íslands tilnefnir oddamanninn.

Nú vill málsaðili eigi nefna til menn og skulu þá dómkvaddir menn í þeirra stað.

Engan má nefna til nje dómkveðja, er sæti á í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 57. Lög 10. nóvember um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1881.

Nr. 57.
10.
Novbr.

# Lov
om
## tvungen Afstaaelse til Akureyri Købstads Byraad af Ejendomsret og andre Rettigheder over Gleraa med tilliggende Land.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver, der har Ejendomsret eller andre Rettigheder over Gleraa eller den langs med samme liggende Jord er pligtig til imod fuld Erstatning at afstaa til Akureyri Kjøbstads Byraad saa meget af disse Rettigheder eller Ejendomme som nødvendigt for, at Aaen kan føres ind til eller igennem Købstaden efter Bybestyrelsens nærmere Bestemmelse.

Erstatningen udredes af Akureyri Købstads Kommunekasse.

§ 2.

Hvis Parterne ikke kan enes om, hvilke Ejendomme eller Rettigheder der behøver at eksproprieres, eller om Erstatningens Størrelse, skal Tvisten henvises til en af 5 Medlemmer bestaaende Kommission, hvoraf Parterne udnævne 2 Medlemmer hver, medens Islands Ministerium udnævner Opmanden.

Hvis nogen af Parterne ikke vil udnævne Medlemmer til Kommissionen, bliver de at udmelde af Retten. Medlemmer af Akureyri Købstads Byraad kunne ikke udnævnes eller udmeldes af Retten.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***
(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 57. Lov 10. November om tvungen Afstaaelse til Akureyri Købstads Byraad af Ejendomsret og andre Rettigheder over Gleraa med tilliggende Land.